

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs Föstudaginn 12. ágúst 2016



VINSTRI GRÆN

8. fundur stjórnar VG settur kl. 15.10 í Austurstræti 14.
Elín Oddný Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Mætt; Katrín Jakobsdóttir, Una Hildardóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Ingibjörg Þórðardóttir, Daníel Arnarsson, Álfheiður Ingadóttir, Rósa Björk Brynjólfsdóttir, Benóný Harðarson, Hrafnkell Lárusson, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Björn Valur Gíslason og Edward Huijbens. Fh. UVG Ragnar Auðun Árnason, fh. EVG Þóra Elfa Björnsson. Björg Eva Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri og Lís Kristjánsdóttir, aðstoðarmaður formanns sátu einnig fundinn.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar – lögð fram og samþykkt.
1. Kosningaáherslur úr vinnu málefnaþópa. Elín og Lís fara yfir vinnu málefnaþópa. Næstu skil hópstjóra á efni eru 17. ágúst. Ritstjórn tekur síðan við efninu og vinnur áfram fram að næsta flokksráðsfundi. Hópur er að störfum vegna málefna ungs fólks, í honum sitja Katrín, Benóný og Ragnar Auðun. Hreyfingin þarf einnig að huga að stefnumótun í málefnum eldra fólks. Einnig hefur verið starfandi sérstakur stjórnarskrárhópur. Katrín mun boða fund í þeim hópi til að vinna þau mál áfram fyrir flokksráðsfund.
2. Stjórn málaástandið. Katrín fer yfir stöðuna á Alþingi. Kosið verður til Alþingis laugardaginn 29. október nk.
3. Fjárhagsáætlun vegna kosningabaráttu. Endurskoðuð fjárhagsáætlun lögð fram. Lís kynnir áætlun um auglýsingar og birtingar vegna kosningabaráttu. Umræður um fjárhagsáætlun og birtingaáætlun. Endurskoðuð fjárhagsáætlun lögð fram og hún samþykkt. Heimild stjórnar vegna lántöku lögð fram til undirritunar. Framkvæmdastjóri mun hafa samband við formenn kjördæmisráða til að fara yfir skiptingu milli miðlægs kostnaðar og kostnaðar kjördæmisráða.
4. Fyrirkomulag kosningabaráttu. Umræður um starfslið og mögulegar mannráðningar. Mest þörf á að ráða fólk til að sinna samfélagsmiðlum og fjáröflun. Birna Þórðardóttir mun sinna utankjörfundi og fjáröflunarhappdrætti. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa ráðningar vegna kosninga í samræmi við samþykktan launalið á fjárhagsáætlun vegna kosningabaráttu. Daníel Haukur Arnarsson hefur lokið störfum á skrifstofu hreyfingarinnar og voru honum þökkuð góð störf. Bjarki Þór Grönfeldt hefur hafið störf á skrifstofunni í hans stað. Engin hefðbundin miðlæg kosningastjórn er starfandi. Kosningastjórar kjördæmanna, framkvæmdastjóri flokksins og aðstoðarmaður formanns vinna saman í teymi í baráttunni og bera stærri mál undir framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjóri ásamt framkvæmdastjórn flokksins ber ábyrgð á fjárhag kosningabaráttunnar. Aðstoðarmaður Katrínar sér um

auglýsingar, birtingar, hönnun og útlit og starfar með kosningastjórum og formanni.

5. Flokksráðsfundur á Akureyri. Lagt til að flokksráðsfundi, sem fyrirhugaður var 9.-10. september verði frestað um tvær til þrjár vikur. Það er þó háð því að viðunandi húsnæði fáiast. Fundurinn verður nýttur til að kynna kosningaáherslur og frambjóðendur. Vegna frestunar flokksráðsfundar og alþingiskosninga í október hefur verið ákveðið að aflýsa fyrirhugaðri sumarferð hreyfingarinnar.
6. Reglur um ferðastyrki til fulltrúa í flokksráði. Rætt um nauðsyn þess að endurskoða reglur um ferðastyrki. Ákveðið að styrkir geti að hámarki numið 5.000 kr. vegna komandi flokksráðsfundar á Akureyri.
7. Erindi Alþýðufylkingar um öfgar. Formanni falið að svara erindinu.
8. Önnur mál
 - a) Svar formanns við erindi félaga úr NA kjördæmi lagt fram.
 - b) Rætt um fyrirkomulag stjórnarfunda. Á síðasta landsfundi var það sett í lög hreyfingarinnar að fundir stjórnar skuli að öllu jöfnu vera opnir skráðum félögum. Rætt um framkvæmd þessarar lagabreytingar.
 - c) Meðmælendalistar vegna alþingiskosninga. Rætt um texta á meðmælendalista. Lísu og Katrínu falið ganga frá því máli.

Fundi slitið kl. 17.30.

Næsti fundur stjórnar boðaður föstudaginn 9. september kl. 15.00.